

Ed.

134. Frumvarp til laga

[111. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 1964.

Flm.: Axel Jónsson.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brott nám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér upplástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákvæðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdráttar af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna mannvirkjagerðar, húsabygginga og ýmissa annarra framkvæmda, sem á síðari árum eru gerðar í stærri stíl en áður og með stórvirkari tækjum, hefur ásókn í ýmiss konar fyllingarefni aukizt mjög. Flestar slíkar framkvæmdir, aðrar en gerð þjóðvega, eru aðallega í þéttbýli, þ. e. innan skipulagsskyldra staða. Er svo komið nú, að jafnvel innan kaupstaða hefur landslagi verið gjörbylt, svo að verulegum erfiðleikum getur valdið að koma á skynsamlegu skipulagi. Auk þess stafar í mörgum tilfellum af þessu stórfelld hætta á upplæstri viðkomandi landssvæða og því nauðsyn á að tryggja sem bezt viðhlitandi ráðstafanir gegn þeirri hættu.

Með ákvæði því, sem hér er lagt til að lögfest verði, telur flutningsmaður, að hægt sé að koma í veg fyrir, að slíkt ástand skapist eftirleiðis, án þess þó að gera landeigendur of háða sveitarstjórnnum að því er varðar þau not af landi, sem eðlileg geta talizt. Gert er ráð fyrir framkvæði sveitarstjórnar til að beita bannákvæði, þar sem henni finnst hætta vera á ferðum, en ekki gert ráð fyrir, að sækja þurfi fyrir fram um leyfi sveitarstjórnar til hvers konar efnistöku, en slíkt ákvæði telur flutningsmaður að mundi vera óþarft og þungt í framkvæmd. Eðlilegt er og, að sveitarstjórn fylgizt með framkvæmdum sem þeim, er málsgreinin fjallar um, og beiti bannákvæði aðeins í brýnni nauðsyn.

Telja verður, að þau viðbótarákvæði við 31. gr. laganna, sem hér er lagt til að lögfest verði, séu eðlileg, miðað við lagagreinina eins og hún er nú, en þar segiz:

„Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.“